

**Fundargerð 77. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 10. júní 2015 kl. 08:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason og Guðjón Bragason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir

Frá Umhverfissráðuneyti: Stefán Guðmundsson

Frá Forsætisráðuneyti: Eydís Eyjólfsdóttir

**Fundargerð:**

1. Vettvangsferð stjórnar  
Björn fór yfir drög að dagskrá vettvangsferðar. Stjórn ræðir fyrirkomulag ferðar og hverja sé æskilegt að hitta. Athuga þarf stöðu mála innan ráðuneytis varðandi mál landeigenda á svæðinu.  
Birni falið að gera samantekt fyrir þá styrki sem hafa komið inn á svæðin og stöðu þeirra. Einnig falið að hafa samband við tengiliði úti á svæðum varðandi fundi í tengslum við vettvangsferðina og bóka gistingu.
2. Fundur með fulltrúum ráðuneyta út af aukafjármögnun (Fulltrúarnir mætu kl. 9)  
Fyrirkomulag styrkveitinga rætt. Björn lagði fram drög að eyðublaði með verkáætlun og þau rædd. Næsti fundur ákveðið var að næsti fundur yrði að loknum sumarfríum.
3. Ferð Björns á Skrúð  
Björn fór yfir ferð sín á Skrúð þar sem hann ræddi við Brynjólf og Þóri Örn um mögulegar lausnir á salernis- og gestastofumálum. Ljóst var að ekki voru fyrirhugaðar framkvæmdir við stígagerð enda ekki þörf. Brynjólfur og Þórir Örn mun ráðfæra sig við bæjarfulltrúa og arkitekt og hafa síðar samband.
4. Önnur mál  
Engin önnur mál lágu fyrir fundinum

Fundi slitið kl. 10:00

Fundargerð rituðu Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir og Björn Jóhannsson

